

landinn, Jón Ó. V. Jónsson, hinum stefnda,
Torfa Jónssyni, með 15 krónum.

Dóminn ber að fullnægja innan 8 vikna
frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 24/1881.

Th. Thorsteinsson

gegn

W. G. Spence Paterson

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 7. októbermán. 1881, hefur Th. Thorsteinsson á Ísafirði stefnt fyrir yfirdóminn til staðfestingar dómi, sem kveðinn var upp í gestarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 27. ágústmán. 1881 — en með þeim dómi var hinn stefndi W. G. Spence Paterson dæmdur til að greiða honum 346 kr. 80 auru með vöxtum 5% frá sáttakærudegi, 2. október 1879, þangað til greitt verður, og loks 30 kr. í málskostnað, — og krafizt, að gestarjettardómurinn verði staðfestur, og að gagnáfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað einnig fyrir yfirdómi, en að gagnsökinni verði vísað frá, og gagnáfrýjandinn sektaður fyrir frammistöðu sína. Á hinn bóginn hefur W. G. Spence Paterson gagnáfrýjað nefndum gestarjettardómi með stefnu, dagsettri 13. janúar þ. á., og krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum aðaláfrýjandans í þessu máli, og aðaláfrýjandinn verði dæmdur til að endurgjalda honum allan af málinu í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað. Mál þetta er þannig vaxið, að Þorlákur kaupmaður Johnsen

gjörði 14. júní 1879 fyrir hönd gagnáfrýjanda þann samning við aðaláfrýjanda, að hann skyldi selja aðaláfrýjanda og afhenda á Ísafirði fyrir 1. septbr. 1879 5—600 skippund af góðum skozkum ofnkolum fyrir 3 kr. 60 aura skippundið m.m. En gagnáfrýjandi seldi aðaláfrýjanda aðeins 355 $\frac{1}{2}$ skippund; vantaði þannig 144 $\frac{1}{2}$ skippund á hina umsömdu skippundatölu; höfðaði aðaláfrýjandi því mál gegn gagnáfrýjanda og krafðist þess, að hann greiddi sjer sem skaðabætur 346 kr. 80 a., sem sje 2 kr. 40 a. fyrir hvert skippund af þeim 144 $\frac{1}{2}$ skipp., sem vantaði á hina umsömdu skippundatölu, eða með öðrum orðum, muninn á verði kolanna, eins og það þá var á Ísafirði, og á hinu um samda verði; svo heimtaði hann og vexti og málskostnað. Mála-
lok urðu eins og áður segir.

Að því fyrst kemur til frávisunarkröfu gagnáfrýjanda, þá er ástæða hans fyrir henni sú, að gagnáfrýjandi ekki hafi stefnt aðaláfrýjanda sjálfum, og hafi þó fengið meðal annars til þess 3 mánaða frest. En eins og hann hefur stefnt málaflutningsmanni aðaláfrýjanda, sem í alla staði var lögmætt, sjá N. L. 1—4—20, eins er þess vel að gæta, að málaflutningsmaður aðaláfrýjanda veitti jáyrði sitt til, að hann fengi nefndan frest, og hlaut honum þó, sem lögfróðum manni, að vera full kunnugt um ákvæði nefndrar lagagreinar. Þessi krafa hans verður því ekki tekin til greina, nje heldur sektarkrafa hans, sem byggð er á hinu sama.

Hinar helztu sýknarástæður gagnáfrýjanda eru, í fyrsta lagi: að samningur sá, er aðaláfrýjandi byggir kröfu sína á, hafi ekki verið bindandi fyrir

sig, því Þ. Johnsen, er samdi af hans hendi, hafi ekki haft umboð til þess, og ekki hafi brjef sitt frá 13. júní 1879 heimilað honum það. Í annan stað, að ekki hafi hann getað sent meiri kol til Ísafjarðar, en hann gjörði, og í þriðja lagi hafi aðaláfrýjandi ekki beðið skaða þann, er hann heimtar endurgoldinn, allra sízt svo mikinn.

Þó það nú kynni að virðast vafasamt, hvort brjef gagnáfrýjandans 13. júní 1879 hafi veitt Þ. Johnsen heimild til að semja við aðaláfrýjandann um kola-kaupin þannig, að gagnáfrýjandi skyldi skuldbundinn til að senda kolin á Ísafjörð, þá verður þó ekki annað álitid, en að gagnáfrýjandi eptirá hafi gengið að samningnum eða ratihaberað hann, því ekki er neitt framkomið, er bendi til, að hann hafi gjört neinar ráðstafanir til að ónýta hann, miklu fremur hefur hann með því að taka skip á leigu til flutnings á kolum vestur á Ísafjörð, og með því að taka við einmitt hinni umsömdu borgun fyrir skippundið af þeim þangað fluttum, sýnt, að hann áleit sig bundinn við samninginn.—Að gagnáfrýjanda hafi verið ómögulegt að fá flutt meiri kol vestur á Ísafjörð, hefur hann ekki fært neinar líkur til, því síður sannað.—Að aðaláfrýjandi hafi beðið skaða af því að fá ekki öll hin umsömdu kol, er með öllu vafalaust, úr því að kolaverð á Ísafirði var þá 6 kr. hvert skippund—og eru eptir álitu yfirdómsins næg rök færð til þess að svo hafi verið—,eða 2 kr. 40 a. dýrara skippundið, en hann eptir samningnum átti að fá þau fyrir, og ber honum því rjettur til að fá greitt 2 kr. 40 a. fyrir hvert hinna vantandi 144 $\frac{1}{2}$ skippunda, eða samtals 346 kr. 80 a.—Um

vexti og málskostnað virðist gestarjettardómurinn eiga að vera óraskaður. Af greindum ástæðum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og ber gagnáfrýjanda eptir þessum úrslitum að endurgjalda aðaláfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða gestarjettardómi skal óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda með 30 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 17. aprilmán.

Nr. 2/1882

Alþingismaður E. Egilsson
gegn

bæjarfógeta E. Th. Jónassen.

Dómur:

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur kaupstaðar, kveðnum upp 15. septembermán. f. á., var áfrýjandinn, alþingismaður E. Egilsson, dæmdur samkvæmt 218. gr. hegningarláganna til að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma, til að sæta einföldu fangelsi í 30 daga, svo og málskostnað 25 kr., fyrir meiðandi ummæli um hinn stefnda í blaðinu Þjóðólfi Nr. 7, dags. 26. marz 1881, og eru þau ummæli, er sagnæm fundust, dæmd dauð og marklaus.

Áfrýjandinn hefur hjer við yfirdóminn krafizt